

Fimmtudaginn 26. nóvember 1998.

Nr. 150/1998.

**Adam Piasecki**

(Ástráður Haraldsson hrl.)

gegn

**Ábyrgðasjóði launa**

(Jakob R. Möller hrl.)

Gjaldprotaskipti. Ábyrgðasjóður launa. Sératkvæði.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Pétur Kr. Hafstein, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hjörtur Torfason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. apríl 1998 að fengnu áfrýjunarleyfi. Hann krefst þess, að stefnda verði gert að greiða sér skaðabætur, að fjárhæð 111.342 krónur, með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 24. febrúar 1994 til 30. nóvember 1995, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

#### **I.**

Málsatvikum er lýst í héraðsdómi. Eins og þar kemur fram, skrifaði áfrýjandi, sem er pólskur ríkisborgari, undir ráðningarsamning 28. janúar 1994 við útgerðarfélagið Unimar hf. og réð sig til einnar ferðar sem háseti um borð í togaranum Fisherman. Ekki var lögskráð á togarann hér á landi. Unimar hf. var í eigu íslenskra aðila, sem keypt höfðu skipið. Var það í upphafi skráð á félagið, en hafði ekki veiðiheimildir í íslenskri landhelgi. Stóð til að skrá skipið á Kýpur, þar sem stofnað hafði verið systurfélag Unimar hf., en niðurstaðan varð sú, að það var skráð á St. Vincenteyjum í Karíbahafi. Umsamin laun skyldi greiða í bandaríkjadöllum. Unimar hf. hafði hvorki greitt laun né ferðakostnað samkvæmt ráðningarsamningnum, er bú félagsins var tekið til gjaldprotaskipta 21. september

1994. Krafa áfrýjanda var viðurkennd sem forgangskrafa við skiptin, en einungis fengust greidd 32,96% upp í kröfu hans, og sækir hann um greiðslu eftirstöðva kröfunnar úr hendi stefnda.

## II.

Fallist er á það með héraðsdómi, að beita skuli íslenskum lögum við mat á réttarstöðu áfrýjanda samkvæmt ráðningarsamningnum.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda skulu laun og önnur starfskjör, sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um, vera lágmarkskjör, óháð kyni, þjóðerni eða ráðningartíma, fyrir alla launamenn í viðkomandi starfsgrein á svæði því, sem samningurinn tekur til, og skulu samningar einstakra launamanna og atvinnurekenda um lakari kjör en hinir almennu kjarasamningar ákveða ógildir. Óumdeilt er, að kjör áfrýjanda samkvæmt ráðningarsamningnum voru síst verri en ef farið hefði verið eftir kjarasamningi Sjómannasambands Íslands við Landssamband íslenskra útvegsmanna.

Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga nr. 53/1993 um Ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota segir, að sjóðurinn skuli fjármagnaður með sérstöku ábyrgðargjaldi af greiddum vinnulaunum og fleira, sem skattskyld er samkvæmt 1. tl. A-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt. Eftir 2. mgr. sömu greinar skulu ákvæði laga nr. 113/1990 um tryggingagjald eiga við um gjaldstofn, gjaldskyldu, greiðslutímabil, álagningu og innheimtu, en samkvæmt 6. gr. þeirra laga er stofn til tryggingagjalds allar tegundir launa eða þóknunar fyrir starf, hverju nafni sem nefnist, sem skattskyld eru samkvæmt 1. tl. A-liðar 7. gr. tekjuskattslaga. Samkvæmt 1. gr. síðastnefndra laga er skattskylda bundin við þá menn, sem eru heimilisfastir hér á landi. Áfrýjandi var ekki heimilisfastur á Íslandi, og voru ákvæði í ráðningarsamningi hans þess efnis, að vinnuveitandinn héldi eftir af launum til greiðslu á tekjuskatti í samræmi við skattalög á Kýpur. Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta þá niðurstöðu hans, að áfrýjandi hafi ekki átt rétt til greiðslu úr Ábyrgðasjóði launa og að synjun stefnda hafi ekki falið í sér brot á jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar eða 11. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

Hinn áfrýjaði dómur skal samkvæmt framansögðu vera óraskaður.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

### D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

### S é r a t k v æ ð i

#### Haralds Henryssonar og

#### Hjartar Torfasonar

Áfrýjandi starfaði hjá íslensku hlutafélagi, Unimar hf., sem gerði út skipið Fisherman, og hafði félagið starfsstöð í Hafnarfirði. Veidi-ferð skipsins, sem áfrýjandi var ráðinn til, hófst og endaði þar. Launakrafa áfrýjanda var viðurkennd sem forgangskrafa í bú Unimar hf.

Í 5. gr. laga nr. 53/1993 um Ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota er mælt fyrir um það, að ábyrgð sjóðsins nái til krafna í bú vinnuveitanda, sem viðurkenndar hafa verið sem forgangskröfur samkvæmt gjaldþrotaskiptalögum, en krafa áfrýjanda fellur undir skilgreiningu a-liðar 1. mgr. greinarinnar, sem varðar vinnulaun, sbr. 1. mgr. 4. gr. laganna. Er því ekki andmælt, að hann geti talist launþegi í skilningi 2. mgr. þeirrar greinar. Í 6. gr. laganna eru ákvæði um það, hvaða launþegar geti ekki krafist sjóðinn um greiðslu krafna samkvæmt a-til d-liðar 1. mgr. 5. gr. Er óumdeilt, að áfrýjandi fellur þar ekki undir.

Í 3. gr. laga nr. 53/1993 er kveðið á um það, hvernig Ábyrgðasjóður launa skuli fjármagnaður, svo sem rakið er í atkvæði meiri hluta dómenda. Þar eru taldar þær tegundir greiðslna, sem mynda stofn að ábyrgðargjaldi því, er vinnuveitanda ber að greiða. Verður að líta svo á, að gjaldið sé lagt á eftir launaskrá vinnuveitandans fremur en launatekjum einstakra starfsmanna. Skírskotun 3. gr. til skattskyldra greiðslna samkvæmt 1. tölulið A-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt verður að okkar mati ekki túlkuð svo, að réttur til greiðslu úr sjóðnum samkvæmt 5. gr. sé bundinn skattskyldu viðkomandi launþega. Til slíkrar þrengingar á rétti hans

hefði þurft skýran áskilnað í ákvæðum laganna um það, hverjir njóti réttar til greiðslu. Að auki liggur ekki ljóst fyrir, hvort hin umdeildu laun áfrýjanda voru skattskyld hér á landi eða ekki, sbr. 3. gr. laga nr. 75/1981.

Af þessum sökum teljum við, að taka beri kröfur áfrýjanda á hendur stefnda til greina og dæma stefnda jafnframt til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

### **Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 17. nóvember 1997.**

Mál þetta, sem dómtekið var 16. október sl., er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af Jóhanni Halldórssyni hdl. f. h. Adams Piasecki, Póllandi, á hendur Ábyrgðasjóði launa, kt. 450193-2759, Suðurlandsbraut 24, Reykjavík, með stefnu, birtri 2. janúar 1997.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð 111.342 kr., með vöxtum skv. 7. gr. laga nr. 25/1987 af þeirri fjárhæð frá 24. febrúar 1994 til 30. nóvember 1995, en með dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar skv. fram lögðum málskostnaðarreikningi auk álags, er nemi virðisaukaskatti af honum.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda.

Ekki er gerð krafa um málskostnað.

### I.

#### *Atvik máls og ágreiningsefni.*

Málsatvik eru þau, að Adam Piasecki, sem er pólskur ríkisborgari, starfaði hjá útgerðarfélaginu Unimar hf., kt. 630293-2869, Hrannargötu 4, Keflavík, sem háseti um borð í togaranum Fisherman, sem gerður var út frá Hafnarfirði. Var hann ráðinn með sérstökum skriflegum ráðningarsamningi. Ráðningarsamningur sá, sem lagður er fram í málinu, átti upphaflega að vera milli fyrirtækis á Kýpur, Montonlyto Ltd., f. h. Unimar hf., og Adams Piasecki. Var gert ráð fyrir því í texta samningsins, að Montonlyto Ltd. kæmi fram fyrir hönd Unimar hf. og sendi í umboði þess fyrirtækis. Aldrei kom þó til þess, að ráðningarsamningur Adams Piasecki yrði undirritaður af Montonlyto Ltd., heldur var samningurinn gerður beint á milli Adams Piasecki og Unimar hf. Samkvæmt þessum samningi, sem undirritaður var í Hafnarfirði 28. janúar 1994, skyldi Adam Piasecki ráðinn til einnar veiðiferðar. Laun skyldi greiða í bandarískum dollurum, og voru umsamin heildarlaun fyrir umrædda veiðiferð \$ 1800. Ekki var lögskráð á togarann Fisherman samkvæmt íslenskum lögum, en hann var skráður á St. Vincent-

eyjum. Við lok veiðiferðarinnar átti fyrirtækið að greiða Adam Piasecki umsamin laun, en þar að auki átti Unimar hf. að kosta heimför hans frá Íslandi til Póllands.

Þegar að skuldadögum kom, greiddi Unimar hf. hvorki laun né ferða-kostnað. Eftir afskipti Útlendingaeftirlitsins og Sjómannafélags Reykjavíkur tókst samkomulag með Sjómannafélagi Reykjavíkur og Unimar hf. þess efnis, að félagið greiddi þegar kostnað af heimferð Adams Piasecki ásamt \$ 500 upp í ógreidd laun. Í nefndu samkomulagi var jafnframt kveðið á um greiðslu eftirstöðva launa, samtals að fjárhæð \$ 1830, á nánar tilgreindum gjalddögum. Ekkert varð af greiðslu Unimar hf. samkvæmt samkomulagi þessu.

21. september 1994 var bú Unimar hf. tekið til gjaldþrotaskipta samkvæmt úrskurði Héraðsdóms Reykjaness. Kröfu Adams Piasecki var lýst í búið 1. desember 1994 og samhliða til stefnda og hún viðurkennd sem forgangskrafa, að fjárhæð 166.087 íslenskar krónur. Samkvæmt frumvarpi að úthlutun úr þrotabúinu, dags. 2. maí 1996, fengust greiddar 54.745,11 kr. upp í kröfu Adams Piasecki.

13. júlí 1995 var kröfu um greiðslu eftirstöðva margsinnis lýst á hendur stefnda samkvæmt 5. gr. laga nr. 53/1993. Samkvæmt tveimur bréfum stefnda, dags. 26. janúar 1996, var greiðsluskyldu vegna kröfunnar hafnað.

Í málinu er um það deilt, hvort Adam Piasecki eigi rétt á greiðslu vinnulaunakröfu sinnar samkvæmt lögum nr. 53/1993 um Ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota.

## II.

### *Málsástæður og lagarök stefnanda.*

Kröfu sína reisir Adam Piasecki á því, að stefndi hafi með ólögætum hætti synjað um greiðslu launakröfu, sem hann gerði á hendur stefnda skv. a-lið 5. gr. laga nr. 53/1993. Beri stefndi skaðabótaábyrgð gagnvart Adam Piasecki vegna þessarar ólögætu synjunar, enda hafi hún valdið honum tjóni, sem nemi hinni umkröfðu fjárhæð.

Samkvæmt a-lið 5. gr. laga nr. 53/1993, sbr. 1. mgr. sömu greinar, ábyrgist Ábyrgðasjóður launa greiðslu launakröfu launþega fyrir síðustu þrjá starfsmánuði hjá vinnuveitanda, ef krafan hefur verið viðurkennd sem forgangskrafa samkvæmt gjaldþrotaskiptalögum í þrotabú vinnuveitanda. Engin frekari skilyrði séu sett í lögnum fyrir því, að launakrafa njóti ábyrgðar sjóðsins.

Adam Piasecki hafi verið erlendur starfsmaður íslensks fyrirtækis. Ráðningarsamningur milli Adams Piasecki og Unimar hf. hafi verið undirritaður í Hafnarfirði. Sem starfsmaður íslensks fyrirtækis njóti hann réttarverndar

samkvæmt íslenskum lögum. Í þeim rétti felist m. a., að óheimilt hafi verið að mismuna honum á grundvelli þjóðernis og stöðu að öðru leyti. Hafi Adam Piasecki því átt rétt á því, að krafa hans á hendur stefnda hluti samþærilega afgreiðslu og launakröfur íslenskra ríkisborgara á hendur stefnda, sem eins hafi verið ástatt um. Fyrir liggi, að krafa Íslendingins Leifs Vigfússonar á hendur Unimar hf., sem reist hafi verið á sams konar réttarsambandi og krafa Adams Piasecki, hafi verið samþykkt og greidd af hálfu stefnda. Synjun stefnda við kröfugerð Adams Piasecki hafi því falið í sér ólögmeta mismunun á grundvelli þjóðernis hans og brot á 65. gr. íslensku stjórnarskrárinnar. Með því að hafna greiðsluskyldu vegna kröfu Adams Piasecki hafi stefndi að auki brotið jafnræðisreglu stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, sbr. 11. gr. þeirra laga.

Í 6. gr. laga nr. 53/1993 komi fram, að tiltekni aðilar geti ekki krafði stefnda um greiðslu krafna skv. a- til d-liðar 1. mgr. 5. gr. sömu laga. Sé þar eingöngu fjallað um þá aðila, sem gátu eða hefðu getað séð fyrir um greiðsluerfiðleika vinnuveitanda, sem séu þannig tæmandi taldir.

Samkvæmt bréfi stefnda, dags. 26. janúar 1996, hafi greiðslubeiðni Adams Piasecki verið synjað á grundvelli 4. gr. laga nr. 53/1993, en auk þess hafi verið vísað til þess, að ráðningarsamningur Adams Piasecki lúti ekki samningum á Íslandi, ekki hafi verið greitt tryggingagjald vegna hans og loks, að samningur hans sé ekki skuldbindandi gagnvart neinum stjórnvöldum nema á Kýpur. Með bréfi stefnda, dags. sama dag, hafi enn verið hafnað kröfu Adams Piasecki með vísan til I. kafla laga nr. 53/1993 og með sömu rökum og fram komi í bréfi stefnda, en auk þess hafi synjunin um greiðslu kostnaðar verið rökstudd með vísan til g-liðar 5. gr. sömu laga.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 55/1980 séu laun og önnur starfskjör, sem aðilar vinnumarkaðarins semji um, lágmarkskjör, óháð þjóðerni. Samningar einstakra launamanna við íslensk fyrirtæki séu því ógildir að svo miklu leyti sem þeir feli í sér lakari starfskjör en lágmarkskjör á íslenskum vinnumarkaði. Fram komi í gögnum málsins, að starfskjör Adams Piasecki samkvæmt ráðningarsamningi hafi verið betri en almenn lágmarkskjör á íslenskum vinnumarkaði. Unimar hf. hafi verið vinnuveitandi Adams Piasecki og að öllu leyti í eigu íslenskra aðila. Því hafi skuldari kröfunnar verið íslenskur. Unimar hf. hafi jafnframt verið háð ákvæðum íslenskra laga um lágmarkskjör launþega, óháð þjóðerni þeirra. Samkvæmt þessu sé því mótmælt, að ráðningarsamningurinn lúti ekki lögsögu íslenskra dómstóla og íslenskra laga. Jafnframt er því mótmælt, að samningur aðila lúti ekki ákvæðum íslenskra kjarasamninga með sömu rökum. Í lögum nr. 53/1993 sé hvergi fjallað um það, að réttindi launþega á hendur stefnda séu háð greiðslum vinnu-

veitanda á tryggingagjaldi, né heldur sé það gert að skilyrði, að ráðningarsamningur launþega og vinnuveitenda geri ráð fyrir greiðslu tryggingagjalds. Tryggingagjald sé eingöngu nefnt sem meginuppistaðan í tekjuöflun sjóðsins, sbr. 3. gr. laganna, og fari innheimtumenn ríkissjóðs með innheimtu þess gjalds á hendur vinnuveitendum. Vanhöld vinnuveitenda á greiðslu tryggingagjalda geti því á engan hátt skert réttindi launþega á hendur stefnda.

Ótvírætt sé, að stefndi hafi bakað Adam Piasecki tjón með ólögsmætu framferði sínu. Tjón Adams Piasecki vegna þessa sé að fjárhæð samtals 111.342 íslenskar krónur, sem eru stefnufjárhæð máls þessa, en um nánari sundurliðun stefnukröfunnar sé stuðst við frumvarp til úthlutunar frá skiptastjóra þrotabús Unimar hf., Gardars Briem hdl.

Innheimtutilraunir hafi reynst árangurslausar, og sé málsókn þessi því óhjákvæmileg.

Um greiðsluskyldu stefnda er vísað til laga um Ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota nr. 53/1993, 65. gr. íslensku stjórnarskrárinnar, meginreglna vinnuréttar um rétt til verkkaups og meginreglna samningaréttar um skyldu til að efna samninga. Þá styður stefnandi kröfu sína við lög nr. 50/1980, sbr. lög nr. 19/1979, lög nr. 80/1938 og lög nr. 37/1993. Kröfur um vexti og vaxtavexti styðjast við III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987.

Krafa um málskostnað styðst við 130. gr. eml. nr. 91/1991. Krafa um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun styðst við lög nr. 50/1988, Adam Piasecki sé ekki virðisaukaskattsskyldur, og beri því nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda.

### III.

#### *Málsástæður og lagarök stefnda.*

Af hálfu stefnda er tekið fram, að þegar atvik máls þessa urðu, hafi stefnandi verið pólskur ríkisborgari og búsettur þar í landi. Krafa hans eigi rætur að rekja til tímabundins starfs, sem innt hafi verið af hendi utan íslensks yfirráðasvæðis, nánar tiltekið um borð í skipi, sem ekki hafi verið skráð í íslenska skipaskrá. Stefnandi hafi ekki haft atvinnuleyfi hér á landi og þar af leiðandi ekki verið lögskráður á umrætt skip samkvæmt íslenskum lögum. Fram komi í ráðningarsamningi, rituðum á enska tungu og undirrituðum af stefnanda, að um skuldbindingar í skilningi skattalaga sé ekki að ræða gagnvart neinum stjórnvöldum nema á Kýpur og að fridagar skuli fara samkvæmt pólskum lögum.

Málsástæður stefnda eru eftirfarandi:

1. Stefnandi reisir kröfu sína um sýknu á þeirri málsástæðu, að stefnandi hafi ekki átt rétt á greiðslu kröfu sinnar samkvæmt lögum um Ábyrgðasjóð

launa nr. 53/1993. Af því leiði, að höfnun Ábyrgðasjóðs launa um greiðslu kröfu hans geti ekki leitt til skaðabótaskyldu, þar sem ekki hafi verið um ólögmetna synjun að ræða. Er því haldið fram af hálfu stefnda, að upphafleg krafa stefnanda á hendur Ábyrgðasjóði launa um greiðslu launakröfu, sem ekki fékkst fullnusta á úr þrotabúi vinnuveitanda hans, hafi ekki uppfyllt skilyrði laga um Ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota nr. 53/1993.

2. Af hálfu stefnda er á það bent, að stefnandi hafi verið ráðinn til starfa með ráðningarsamningi, dags. 28. janúar 1994. Í ráðningarsamningi sé hvergi minnst á Ísland, um tilvísun í íslenska kjarasamninga sé ekki að ræða né íslenska vinnulöggjöf. Hvergi sé talað um, að stefnandi eigi að inna skyldur sínar af hendi samkvæmt ráðningarsamningnum á íslensku yfirráðasvæði, íslenskum vinnumarkaði, né að hann verði háður skipunarvaldi af hálfu íslensks aðila. Stefnandi hafi ekki verið með atvinnuleyfi hér á landi samkvæmt lögum um atvinnuréttindi útlendinga nr. 133/1994 né dvalarleyfi. Slíkt verði að teljast eðlilegt og fullkomlega löglegt, enda hvergi gert ráð fyrir því, að stefnandi ætti að inna vinnuskyldu sína af hendi hér á landi. Fyrirtækið, sem stefnandi hafi ráðist til starfa hjá, hafi á þeim tíma, sem hér um ræðir, þ. e. árið 1994, verið með alla starfsemi sína erlendis. Hafi stefnandi gengið að þeirri staðreynd sem og aðrir erlendir starfsmenn fyrirtækisins, án þess að nokkurt tilefni hafi verið til að gera einhverjar sérstakar athugasemdir við það.

3. Stefndi bendir á, að lög um Ábyrgðasjóð launa nr. 53/1993 bindi tryggingarvernd samkvæmt lögunum við það, að launþegi hafi verið í tryggingarskyldri vinnu. Er vísað til 3. gr. laga um Ábyrgðasjóð launa, en þar segi, að sjóðurinn skuli fjármagnaður með sérstöku ábyrgðargjaldi af greiddum vinnulaunum og fleiru, sem skattskyldt sé samkvæmt 1. tl. a-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981. Skuli ábyrgðargjaldið vera ákveðinn hundradshluti af gjaldstofni, en um hann gildi ákvæði laga um tryggingagjald nr. 113/1990. Er af hálfu stefnda á það bent, að tekjur stefnanda hafi ekki verið skattskyldar samkvæmt 1. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt nr. 75/1981, enda hafi hann ekki verið heimilisfastur hér á landi í skilningi þeirra laga. Þar sem vinna stefnanda hafi ekki verið skattskyld í skilningi framangreindra laga, hafi tekjur hans ekki getað myndað stofn til tryggingagjalds samkvæmt III. kafla laga um tryggingagjald nr. 113/1990. Er enn fremur á það bent, að samkvæmt framansögðu hafi vinnuveitendur stefnanda ekki stöðu launagreiðenda í skilningi 7. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987. Hafi því aldrei verið neinar lagalegar forsendur fyrir því, að iðgjalda-greiðslur vegna stefnanda í formi lögákveðins hlutfalls af stofni tryggingagjalds rynnu til Ábyrgðasjóðs launa í skilningi laga nr. 53/1993. Stefnandi

hafi því ekki verið tryggður hér á landi í skilningi laga nr. 53/1993 og því ekki átt rétt á greiðslu kröfunnar.

4. Þeirri málsástæðu stefnanda er vísað á bug sem órökstuddri, að hann sem starfsmaður íslensks fyrirtækis skuli sjálfkrafa njóta réttarverndar samkvæmt íslenskum lögum. Hvergi finnst þess staður í íslenskum lögum eða íslenskum kjarasamningum, að lögskipti íslensks fyrirtækis, sem starfi á erlendri grund, og erlendra starfsmanna þess skuli fara fram samkvæmt íslenskum lögum. Vísað er á bug þeirri ályktun stefnanda, að þar sem kjör hans hafi verið síst verri en samkvæmt kjarasamningi Sjómannasambands Íslands og LÍÚ, hafi lög nr. 55/1980 átt að gilda um ráðningarkjör hans. Hvort þau hafi verið betri eða verri en gengur og gerist, hafi ekki áhrif að mati stefnda í máli þessu. Stefnandi hafi ekki haft atvinnuleyfi hér á landi, enda hafi hann ekki starfað hér á landi. Íslenskir kjarasamningar eða íslensk lög hafi ekki gildi á erlendri grund með þeim hætti, sem stefnandi heldur fram, og eigi því tilvísun stefnanda til þeirra ekki við rök að styðjast. Af hálfu stefnda er auk þess vakin athygli á því, að óljóst sé samkvæmt gögnum málsins, hver hafi verið vinnuveitandi stefnanda samkvæmt umræddum ráðningarsamningi. Sé hér m. a. vísað til skýrslu, er fyrrverandi framkvæmdastjóri Unimar hf. hafi gefið hjá skiptastjóra þrotabúsins 10. júní 1995. Þar segi m. a., að skipið Fisherman hafi ekki haft veiðiheimildir í íslenskri landhelgi og því orðið að skrá það erlendis. Hafi ætluin verið að stofna systurfyrirtæki Unimar hf. á Kýpur undir nafninu Uxala í þeim tilgangi að skrá skipið þar. Af þessu hafi þó ekki orðið, en skipið að lokum skráð á St. Vincenteyjum. Af skýrslu þessari verði ekki annað ráðið en fyrirtæki á Kýpur hafi verið skráð eigandi skipsins. Fáí það einnig stuðning í umsögn skiptastjóra þrotabús til Ábyrgðasjóðs launa, dags. 24. júlí 1995. Sé þetta eitt atriði af mörgum, sem renni stoðum undir réttmæti þeirrar ákvörðunar, sem Ábyrgðasjóður launa hafi tekið um höfnun kröfu hans. Sé einnig ljóst af upplýsingum frá ríkisskattstjóra um hið gjaldþrota félag, að fyrirtækið hafði enga starfsemi hér á landi árið 1994, en á þeim tíma hafi launakrafa stefnanda stofnast.

5. Af hálfu stefnda er því hafnað, að Ábyrgðasjóður launa sé skuldbundinn til að greiða þær kröfur, sem skiptastjóri hafi samþykkt samkvæmt 112. gr. gjaldþrotaskiptalaga nr. 21/1991. Ábyrgðasjóði launa sé skylt samkvæmt þeim lögum, sem hann starfi eftir, að taka sjálfstæða afstöðu til réttmætis þeirra launakrafna, sem honum berist, sbr. 10. gr. laga nr. 53/1993. Sé ljóst af forsögu laganna og einstökum ákvæðum þeirra, að umsögn skiptastjóra samkvæmt 11. gr. laga nr. 53/1993 sé einkum nauðsynleg með vísan til 112. gr. laga nr. 21/1991, svo að sjóðurinn geti tekið afstöðu til réttmætis launakröfu skv. 4., 5. og 6., sbr. og 3. gr. þeirra laga.

6. Stefnandi styðji kröfu sína um skaðabætur þeirri málsástæðu, að synjun Ábyrgðasjóðs launa við kröfugerð sinni hafi falið í sér ólögmeta synjun og brot á 65. gr. íslensku stjórnarskrárinnar. Sé þar vísað til þess, að Leifur Vigfússon, starfsmaður Unimar hf., hafi fengið launakröfu sína greidda úr Ábyrgðasjóði launa. Segi í stefnu máls þess, að ráðningarsamband hans og Unimar hf. hafi verið með sama hætti og stefnanda. Þessu er vísað á bug sem ósönnuðu. Í fyrsta lagi liggja ekki fyrir í gögnum þessa máls, að ráðningarsamband milli Unimar hf. og Leifs Vigfússonar hafi verið með sama hætti og ráðningarsamningur stefnanda. Sé hér m. a. vísað til bréfs Leifs til Ábyrgðasjóðs launa ásamt fylgigögnum, dags. 13. júlí 1995. Í öðru lagi sé á það bent, að Leifur Vigfússon hafi verið búsettur hér á landi, en af því leiði, að tekjur hans, hvort sem þeirra sé aflað hér á landi eða erlendis, myndi stofn til tryggingagjalds samkvæmt lögum um tryggingagjald nr. 113/1990. Í þriðja lagi hafi krafa Leifs Vigfússonar stofnast árið 1993, en krafa stefnanda árið 1994. Sé hér m. a. vísað í yfirlýsingu, dags. 23. nóvember 1995, af hálfu Hálfðánnar Guðmundssonar f. h. Unimar hf. Í fjórða lagi hafi kröfu Leifs verið hafnað vegna vanreifunar, en greidd, þegar sönnur fyrir réttmæti hennar hafi verið færðar. Af þessum sökum sé þeirri fullyrðingu stefnanda eindregið hafnað, að stefndi hafi með því að greiða Leifi Vigfús-syni, en hafna stefnanda, mismunað hinum síðarnefnda á grundvelli þjóð-ernis í skilningi 65. gr. íslensku stjórnarskrárinnar. Þjóðerni skipti ekki máli í þessu sambandi, heldur ólík staða þeirra í skilningi laga nr. 53/1993. Sé á það bent, að erlendir ríkisborgarar, sem starfi hér á landi í þjónustu ís-lenskra fyrirtækja, njóti sömu réttarverndar og íslenskir ríkisborgarar, þar á meðal í skilningi laga nr. 53/1993. Því sé af þeim sökum vísað á bug, að Ábyrgðasjóður launa hafi bakað stefnanda skaðabótaskyld tjón með því að neita kröfugerð hans. Samkvæmt framansögðu sé því einnig vísað á bug sem ósönnuðu, að stefndi hafi brotið jafnræðisreglu 11. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 með framangreindri afgreiðslu. Um sambærileg mál hafi ekki verið að ræða, og því hafi afgreiðsla þeirra verið með ólíkum hætti.

7. Af hálfu stefnda er að lokum vísað til þess, að þess finnist hvergi staður í íslenskri löggjöf, að íslenska ríkinu eða undirstofnunum þess sé skylt að vernda ríkisborgara erlendra ríkja, sem ekki séu búsettir hér á landi, fyrir tapi, sem þeir verði fyrir, vegna þess að launagreiðandi standi ekki skil á umsömdum launum. Gildissvið laga um Ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota nr. 53/1993 sé eðli máls samkvæmt og orðanna hljóðan takmarkað við tjón launþega, sem hafi starfað í tryggingaskyldri vinnu á ís-lensku yfirráðasvæði. Sé ljóst, að hvorki sú starfsemi, sem launakrafa stefn-anda eigi rætur að rekja til, né stefnandi sjálfur hafi nokkur þau tengsl við

íslenska lögsögu né íslenskt yfirráðasvæði í skilningi laga um Ábyrgðasjóð launa, íslenskrar skattalöggjafar né laga nr. 55/1980, sem réttlætt geti greiðsluskyldu stefnda. Er til þess vísað, að gildissvið laga um Ábyrgðasjóð launa nr. 53/1993 verði ekki rýmkað með þeim hætti, að honum verði gert skylt að greiða launakröfur af því tagi, sem hér um ræðir, nema á grundvelli milliríkjasamnings tveggja eða fleiri ríkja á þessu sviði. Ekki sé í gildi, svo að vitað sé, samningur milli Íslands og Póllands eða Íslands og Kýpur, sem veitt geti lagagrundvöll fyrir greiðslu á kröfum stefnanda.

Til stuðnings kröfu um málskostnað er vísað til XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

#### IV.

##### *Niðurstaða.*

Stefndi hefur synjað um greiðslu á kröfu stefnanda m. a. vegna þess, að ráðningarsamningur stefnanda við Unimar hf. feli í sér, að hann lúti ekki lögsögu íslenskra dómstóla eða ákvæðum íslenskra laga. Á það verður ekki fallist. Samningur aðila hefur hvorki að geyma ákvæði um varnarþing né um það, hvers lands lögum beita skuli um vinnusamband aðila. Samningurinn hefur hins vegar þau tengsl við Ísland, að hann var gerður hér á landi og viðsemjandi stefnanda var íslenskt hlutafélag. Samkvæmt reglum laga-skilaréttar ber því að beita íslenskum rétti við mat á réttarstöðu stefnanda samkvæmt þeim vinnusamningi.

Þá hefur stefndi krafist sýknu á þeim grundvelli, að stefnandi hafi ekki verið tryggður hér á landi í skilningi laga nr. 53/1993 um Ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota og hafi þess vegna ekki átt rétt á greiðslu kröfunnar. Við úrlausn þeirrar málsástæðu ber að líta til aðdraganda að setningu laganna.

Fyrir gildistöku laga nr. 53/1993 um Ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota (áður laga nr. 52/1992) giltu lög nr. 88/1990 um ríkisábyrgð á launum. Samkvæmt þeim lögum ábyrgðist ríkissjóður greiðslu vinnulaunakröfu launþega á hendur vinnuveitanda, ef bú vinnuveitandans hafði verið tekið til gjaldþrotaskipta. Í lögum nr. 1/1992 um ráðstafanir í ríkisfjármálum árið 1992 var kveðið á um það, að setja skyldi á fót ábyrgðasjóð vegna gjaldþrota, og skyldi hann ábyrgjast greiðslu vinnulaunakröfu launþega á hendur vinnuveitanda við gjaldþrot. Í greinargerð með frumvarpi til þeirra laga kemur fram, að tilgangurinn hafi verið sá að stemma stigu við síauknum útgjöldum ríkissjóðs vegna ríkisábyrgðar á launum við gjaldþrot. Gert var ráð fyrir, að sjóðurinn yrði fjármagnaður með gjaldi, sem allir atvinnurekendur greiddu á sama hátt og tryggingagjald. Fyrirkomulagið skyldi vera eins og algengast væri í nágrannalöndum okkar, þ. e., að slík launatrygging væri

greidd með skylduframlögum atvinnurekenda. Í samræmi við þetta voru sett lög nr. 52/1992 um Ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota, nú lög nr. 53/1993.

Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga nr. 53/1993 er sjóðurinn fjármagnaður með sérstöku ábyrgðargjaldi af greiddum vinnulaunum og fleiru, sem skattskyld eru samkvæmt 1. tl. A-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981. Í 2. mgr. 3. gr. laganna er kveðið á um það, að ákvæði laga nr. 113/1990 um tryggingagjald eigi við um gjaldstofn, gjaldskyldu o. fl. Samkvæmt 4. gr. laga nr. 113/1990 telst gjaldskyldur samkvæmt lögnum hver sá aðili, sem innir af hendi eða reiknar greiðslur, sem teljast laun. Í 6. gr. laganna segir, að stofn til tryggingagjalds sé allar tegundir launa eða þóknunar fyrir starf, hverju nafni sem nefnist, sem skattskyld eru skv. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981. Samkvæmt 1. gr. þeirra laga er skattskylda bundin við þá menn, sem eru heimilisfastir hér á landi.

Stefnandi er erlendur ríkisborgari og ekki heimilisfastur hér á landi. Þá er kveðið á um það í ráðningarsamningi stefnanda, að vinnuveitandi hans haldi eftir af launum greiðslu á tekjuskatti einstaklinga í samræmi við skattalög ríkisstjórnar Kýpur. Vinnulaun stefnanda hjá Unimar hf. voru því ekki skattskyld hér á landi samkvæmt 1. tl. A-liðar 7. gr., sbr. 1. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt og mynduðu því ekki stofn til tryggingagjalds samkvæmt 6. gr. laga nr. 113/1990. Vinnuveitandi hans, Unimar hf., var því ekki gjaldskyldur samkvæmt 4. gr. sömu laga. Réttur til greiðslu launa á grundvelli laga nr. 53/1993 er samkvæmt framansögðu bundinn við gjaldskyldu vinnuveitandans, en um það samhengi réttinda og gjaldskyldu er ekki að ræða, að því er stefnanda varðar. Synjun stefnda á kröfugerð stefnanda fól því hvorki í sér brot á 65. gr. íslensku stjórnarskrárinnar um ólögmæta mismunun á grundvelli þjóðernis né brot á jafnræðisreglu 11. gr. stjórnáslulaga nr. 37/1993, eins og stefnandi miðar við.

Samkvæmt framansögðu ber því að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í málinu, en málskostnaður dæmist ekki.

Egbert Óskarsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

#### D ó m s o r ð:

Stefndi, Ábyrgðasjóður launa, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Jóhanns Halldórssonar f. h. Adams Piasecki, í máli þessu.

Málskostnaður dæmist ekki.

---